# Tinova Transparent Exterior

## Hálfþekjandi viðarvörn




### Efnislýsing

Tinova Transparent Exterior er hálfmött, hálfþekjandi hátækniviðarvörn með mikla endingu fyrir tréverk utanhúss. Tinova Transparent Exterior dregur fram viðaræðarnar og færir líf í áferð viðarins. Efnið er sérstaklega framleitt fyrir kaldar og norðlægar aðstæður og inniheldur einstakt bindiefni með einkaleyfi sem tryggir betri vörn gegn ágangi veðurs.

### Meðhöndlun

Undirlag skal vera hreint og þurrt (mest 16% raki í viði).

**Nýmálun**

1. Gegndreypið alla fleti með Tinova Wood Base Oil, sérstaklega alla gljúpa fleti eins og endatré.
2. Málið yfir tvisvar sinnum með Tinova Transparent Exterior.

**Endurmálun**

1. Þvoið allan flötinn með Original Målartvätt og vatni. Ef á fletinum er mygla, mold eða annar gróður skal þvo flötinn með Original Hustvätt. Skolið vel eftir á með vatni. Látið flötinn þorna vel áður en málað er.
2. Öll gömul og laus málning skal fjarlægð. Gljáandi fleti skal slípa matta til að tryggja góða viðloðun. Gráma og fúa í viði skal pússa niður uns komið er í niður í eðlilegan viðarlit.
3. Beran við skal gegndreypa með Tinova Wood Base Oil.
4. Málið yfir tvær umferðir með Tinova Transparent Exterior.

Ef áður hefur verið málað með hálfþekjandi efni skal þvo eða bursta flötinn upp og mála síðan tvær umferðir af Tinova Transparent Exterior.

**Annað**

Hrærið vel í dósinni fyrir notkun. Málið ekki ef sól skín beint á flötinn eða ef hætta er á regni eða daggarmyndun innan nokkurra klukkustunda eftir lok verks.

### Heilsufars- og umhverfismál

Lokið dósinni vel eftir notkun. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella olíuleifum í niðurföll. Tómum umbúðum og efnaleifum skal skila til endurvinnslustöðva. Sjá frekari upplýsingar á öryggisblaði.

### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Utanhúss
**Tegund:** Umbreytt alkýð
**Gljástig:** Hálfmatt
**Þurrktími:** Við 23°C/50% raka, 8 klst.
**Yfirmálun:** 12 klst.
**Hiti við málun:** minnst +5°C, mest +25°C
**Rakastig:** 40-80%, kjörrakastig 65%
**Þynning:** Vatn
**Verkfæri:** Penslar, rúllur, sprauta
**Þekja:** Nýmálun: 6-8 fermetrar pr. lítra.
Endurmálun: 8-10 fermetrar pr. lítra
**Pakkningar:** 1, 2,5 og 10 lítra dósir
**Stofnar:** BC
**Hreinsun:** Sápuvatn
**Geymsla:** Í frostfríu rými
**Rokgjörn lífræn efni** (VOC (fl. A/e) 130 g/l.): Inniheldur mest 55 g/l.

Þessi gildi eiga við hvítan lit. Önnur gildi eiga við aðra liti.